



Verkfræðingafélag Íslands

Ársskýrsla
starfsárið **2018-2019**

Ársskýrsla þessi greinir frá starfsemi Verkfræðingafélags Íslands 2018-2019. Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins en stjórn félagsins þess á milli. Stór hluti félagsstarfsins fer fram innan deilda félagsins, nefnda og faghópa. Í þessari ársskýrslu birtast þær skýrslur sem borist höfðu þegar ársskýrslan fór í prentun. Aðrar skýrslur verða lagðar fram á aðalfundi ásamt ársskýrslu þessari.

Stjórn VFÍ 2018-2019

Páll Gíslason, formaður
 Kristjana Kjartansdóttir, varaformaður
 Jóhannes Benediktsson
 María S. Guðjónsdóttir
 Þorvaldur Tolli Ásgeirsson
 Sveinn Ingi Ólafsson, form. Deildar
 stjórnenda og sjálfstætt starfandi í VFÍ
 Birkir H. Jóakimsson, formaður Kjaradeildar
 Helgi Þór Ingason, varamaðstjórnandi
 Sigurður Örn Hreindal, varamaðstjórnandi

Kjaradeild

Birkir H. Jóakimsson, formaður
 Hlín Benediktsdóttir, varaformaður
 Erlendur Örn Fjeldsted
 Heimir Örn Hólmarsson
 Margrét Elín Sigurðardóttir
 Helga Helgadóttir, varamaðstjórnandi
 Kristín Arna Ingólfssdóttir,
 varamaðstjórnandi
 Einar Halldórsson, varamaðstjórnandi

Deild stjórnenda og sjálfstætt starfandi

Sveinn Ingi Ólafsson, formaður
 Davíð Á. Gunnarsson
 Svana Helen Björnsdóttir
 Gylfi Árnason, varamaðstjórnandi

Endurskoðendur

Torfi G. Sigurðsson, skoðunarmaður
 Kristinn Gestsson, löggiltur endurskoðandi

Starfsfólk

Árni B. Björnsson, framkv.stj.
 Sigrún S. Hafstein, sviðsstjóri fag- og
 félagssviðs, staðgengill framkv.stj.
 Elsa María Rögnvaldsdóttir, sviðsstjóri
 kjaramála
 Aðalheiður Ragnarsdóttir, fulltrúi sjóða
 Brynja Magnúsdóttir, fulltrúi
 Menntunarnefndar.
 Guðríður Ó. Magnúsdóttir bókarí/gjaldkeri
 Heiðrún H. Þórisdóttir, fulltrúi í móttöku
 Hjörleifur Kristinsson, skrifstofustjóri
 Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, fulltrúi kjaramála

Efnisyfirlit	
Ávarp formanns	bls. 3
Áhersla á mennta- og réttindamál	bls. 4
Útgáfumál	bls. 6
Fræðandi og skemmtilegt félagsstarf	bls. 8
Samstarf innanlands og erlendis	bls. 10
FEANI	bls. 11
Ársreikningur Félagssjóðs 2018	bls. 13
Ársreikningur Verkfræðingahúss SES 2018	bls. 14
Skýrslur deilda, nefnda og faghópa	bls. 21
Atburðir 2018-2019	bls. 26



Ávarp formanns VFÍ

Að baki er viðburðaríkt starfsár stjórnar og starfsmanna. Starfið snerist meðal annars um að vinna úr niðurstöðum viðhorfskönnunar meðal félagsmanna sem gerð var í upphafi árs. Farið var í að rýna niðurstöður og aðlaga stefnumótun stjórnar að þeim.

Mikilvægt var að fá fram viðhorf félagsmanna og nýta tækifærið til úrbóta. Ánægjulegt var hversu margir tóku þátt í könnuninni, eða um 56% félagsmanna. Meðal annars bentu niðurstöður til að leggja ætti áherslu á að hlutverki Kjaradeildar VFÍ væri sinnt af festu og framsýni. Við þessu hefur verið brugðist. Bætt var við starfsmanni sem er fulltrúi kjaramála og nú þegar aðalfundardagurinn rennur upp, hafa verið teknar í notkun „Mínar síður“. Þar geta félagsmenn meðal annars nálgast upplýsingar um stöðu réttinda í sjóðum, eldri umsóknir, stöðu umsókna og hvort iðgjöld séu í skilum af hálfu vinnuveitanda.

Viðhorfskönnunin gaf líka haldgóðar upplýsingar um væntingar félagsmanna til þess hvernig Verkfræðingafélag Íslands gæti aukið verðmæti félagsaðildar. Í því felst meðal annars að koma fram sem ábyrgt félag tæknimenntaðra, þeirra stétta sem jafnan bera hita og þunga af því að tækniþróun og framkvæmdir samfélagsins gangi fram eftir því sem best verður á kosið. Hafa ber í huga að framfarir á nánast öllum sviðum samfélagsins byggjast á aðkomu tæknifólks, þeirra sem uppfylla skilyrði aðildar að Verkfræðingafélagi Íslands.

Af vettvangi Kjaradeildar má nefna að Orlofssjóður VFÍ á nú sex orlofseignir auk þess að leigja bústaði og íbúðir til viðbótar. Úthlutunarhlutfallið var 66% sumarið 2018. Til samanburðar var hlutfallið 58% sumarið 2015. Þannig má fullyrða að fjölgun

sjóðfélagavegnasameiningarsjóða VFÍ og TFÍ hafi ekki komið niður á úthlutunarhlutfallinu. Vitaskuld hafa ytri aðstæður einnig áhrif eins og gengi krónunnar og þar með verð á utanlandsferðum.

Stjórn Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi stóð fyrir afar áhugaverðum morgunfundi um kostnaðaráætlanir. Þar var tekið á málefni sem hefur verið áberandi í umræðunni um ábyrgð á áætlunum og framúrkeyrslu í kostnaði framkvæmda. Fundurinn var mjög vel sóttur og þótti takast vel.

Nokkur verkefni og áhersluatriði teljast til nýjunga í starfi félagsins.

Fjölskyldudagur verkfræðinnar var haldinn í annað sinn í ágúst 2018. Þessi viðburður hefur tekist afar vel og verið vel sóttur. Má segja að hann hafi markað upphafið að farsælu samstarfi við Vísindasmiðju Háskóla Íslands. Þar vinna VFÍ og Vísindasmiðjan saman að því að auka áhuga ungu kynslóðarinnar á vísindum og tækni. Nýjasta dæmið er námskeið í tækjaforritun fyrir börn félagsmanna.

Meiri áhersla hefur verið lögð á samfélagslega ábyrgð stéttarinnar, umhverfismál og sjálfbærni. Má nefna að síðastliðin ár hefur í rekstri skrifstofunnar verið vaxandi áhersla á umhverfissvitund, sem vonandi leiðir til umhverfissvottunar innan tíðar. Sjálfbærni var á dagskrá stjórnar. Starfsmaður systurfélags VFÍ í Danmörku, IDA, sat vinnufund með stjórnnum og nefndum VFÍ og var jafnframt fyrirlesari á morgunfundi um Sjálfbærni markmið Sameinuðu þjóðanna.

Hvað varðar sýnileika félagsins og áherslu á samfélagslega ábyrgð, þá tók stjórn VFÍ upp þá nýjung upp að hafa frumkvæði að umsögnum um lagabreytingar og stefnumótandi áætlanir sem talist geta innan fræðasviða tæknifræði og verkfræði. Umsögnum var fylgt eftir með greinaskrifum

og kynningarfundum. Mikilvægi þessa frumkvæðis felst meðal annars í því að tryggja að lagaumgjörð og starfsumhverfi félagsmanna sé sem skýrast og að störf félagsmanna verði ekki að bitbeini í kærumálum óskyldra aðila. Umsagnirnar eru á vef VFÍ.

Í upphafi árs 2018 gerðist VFÍ aðli að ANE (Association of Nordic Engineers) samtökum félaga verkfræðinga og tæknifræðinga í Noregi, Svíþjóð, Danmörku og nú Íslandi. Öll Norðurlöndin taka þátt í NORDING sem er samstarfsvettvangur af svipuðum toga en starfsemin felst fyrst og fremst í samráðsfundi formanna og framkvæmdastjóra félaganna sem haldinn er einu sinni á ári. VFÍ hefur lagt til að körfunum verði ekki dreift og ANE verði meginvettvangur norræns samstarfs, með aðild allra landanna.

Unnið hefur verið að því að efla samstarf VFÍ og háskólanna. Má þar nefna hvatningarverðlaun til nemenda í verkfræði og tæknifræði, styrk til verkefna þar sem miðlað er fræðslu um nýja tækni og síðast en ekki síst sameiginlegur vettvangur þar sem unnið er að því að hvetja stjórnvöld til að auka fjárveitingar til menntamála, nýsköpunar og tækniþróunar.

Dagur verkfræðinnar var haldinn í fimmta sinn og enn eitt árið var metaðsókn. Síðast en ekki síst vil ég nefna stofnun Öldungadeildar VFÍ (ÖVFÍ). Markmiðið er að styrkja tengsl meðal eldri félagsmanna og jafnframt nýta krafta þeirra og þekkingu í starfsemi félagsins.

Nú í lok starfsársins vil ég fyrir hönd stjórnar Verkfræðingafélags Íslands þakka félagsmönnum sem sitja í stjórnnum deilda, nefndum og ráðum á vegum félagsins. Einnig vil ég þakka starfsfólki á skrifstofu félagsins fyrir samstarfið.

Páll Gíslason, formaður VFÍ.



Menntamálanefnd

Skýrsla um starfsárið 2018-2019

Eftir sameiningu VFÍ og TFÍ um áramótin 2016/2017 tók ein menntamálanefnd við af MVFÍ og MTFÍ og nefnist hún Menntamálanefnd VFÍ.

Fyrst eftir sameiningu starfaði nefndin í tveimur hlutum og Steindór Guðmundsson formaður sameinaðrar Menntamálanefndar VFÍ sat fundi beggja hluta nefndarinnar: MVFÍ-V og MVFÍ-T. Haustið 2018 byrjaði nefndin að starfa í einu lagi.

Skipan MVFÍ-V frá aðalfundi VFÍ 2018 fram í september 2018:

Steindór Guðmundsson, formaður
Björn Karlsson
Heiða Pálmadóttir
Ingunn Sæmundsdóttir
Jenný Ruth Hrafnadóttir
Ólafur Pétur Pálsson
Þórður Helgason

Skipan MVFÍ-T frá aðalfundi VFÍ 2018 fram í september 2018:

Steindór Guðmundsson, formaður
Arnlaugur Guðmundsson
Bergþór Þormóðsson
Einar H. Jónsson
Freyr Jóhannesson
Guðmundur Borgþórsson
Jens Arnljótsson
Jóhannes Benediktsson
Nicolai Jónasson

Skipan sameinaðrar nefndar MVFÍ frá september 2018:

Steindór Guðmundsson, formaður
Arnlaugur Guðmundsson
Björn Karlsson
Heiða Pálmadóttir
Ingunn Sæmundsdóttir
Jenný Ruth Hrafnadóttir
Jens Arnljótsson
Jóhannes Benediktsson
Ólafur Pétur Pálsson
Þórður Helgason

Umsóknir til félagsins

Eins og undanfarin ár bárust mjög margar umsóknir til félagsins, bæði umsóknir um inngöngu í félagið og leyfi til að kalla sig verkfræðing eða tæknifræðing.

Meðan V og T hlutar nefndarinnar voru aðskildir voru haldnir tveir fundir í MVFÍ-T, þar sem alls var fjallað um 35 umsóknir um starfsheitið tæknifræðingur eða um inngöngu í félagið, og auk þess voru tíu umsóknir ungfélaga um inngöngu í félagið.

Í MVFÍ-V voru haldnir þrjú fundir, þar sem alls var fjallað um 140 umsóknir um starfsheitið verkfræðingur eða um inngöngu í félagið, og auk þess voru 20 umsóknir ungfélaga um inngöngu í félagið. Auk þess var haldinn sérstakur fundur um afgreiðslu umsókna sem hafði verið frestað vegna ýmissa vafaatriða um skóla og/eða námsbrautir eða vegna vafa um samsetningu náms.

Um leið og nefndirnar voru sameinaðar í eina nefnd í september 2018, var einnig tekið upp nýtt fyrirkomulag við umfjöllun um umsóknir og afgreiðslu þeirra. Með nýju gagnagrunns-forriti sem heldur utan um félagskrá VFÍ og einnig nýjar umsóknir, er stefnt að því að í lok hvers fundar MVFÍ sé hægt að prenta út fundargerð fundarins, og strax að fundinum loknum á að vera hægt að prenta út bréf til umsækjenda, þar sem þeim er gerð grein fyrir afgreiðslu umsókna þeirra. Eins og eðlilegt er voru nokkrir byrjunarörðugleikar á fyrstu fundum með þessu nýja fyrirkomulagi, en það hefur smám saman slípast til. Vonandi verður þetta nýja fyrirkomulag til þess að auðveldara verði að halda utan um mikinn og vaxandi fjölda umsókna, sem og að aukin skilvirkni verði í afgreiðslu umsókna.

Alls hafa tíu fundir verið haldnir með þessu nýja fyrirkomulagi og á þeim hafa innkomnar umsóknir fengið hlaupandi númer frá 1 og upp í 377. Þetta eru umsóknir um starfsheitin verkfræðingur og tæknifræðingur og umsóknir um inngöngu í félagið og ennfremur umsóknir ungfélaga um inngöngu í félagið. Ekki hafa þó allar þessar 377 umsóknir komið fyrir nefndina, því sumar umsóknir hafa verið settar í bið eftir því að frekari gögn berist. Ítarlegri úrvinnsla úr tölfraði umsókna á þessum tíu fundum er ekki lokið hjá MVFÍ.



Umsóknir um ungfélagaaðild eru svipaðar að fjölda og undanfarin ár, en mættu þó gjarnan vera fleiri. Í því samhengi má benda á að nú fá namar í verkfræði og tæknifræði að gerast ungfélagar í VFÍ strax við innritun í tæknifræðináms eða verkfræðináms.

Fyrirspurnir um viðurkennda skóla og eða námsbrautir

Auk þessara formlegu umsókna um inngöngu í félagið og leyfi til að nota starfsheitið verkfræðingur bárust Menntamálanefnd VFÍ allmargar fyrirspurnir um það hvort tiltekið nám myndi verða viðurkennt sem fullnægjandi til þess að fá að nota starfsheitið verkfræðingur. Í langflestum tilvikum var um að ræða fólk í BS –námi í verkfræði eða tæknifræði við Háskóla Íslands eða Háskólann í Reykjavík sem var að velta fyrir sér framhaldsnámi í ýmsum löndum.

Nýjar reglur um leyfi til að kalla sig tæknifræðing

Unnið hefur verið að endurskoðun á reglum um leyfi til að kalla sig tæknifræðing í samráði við ráðuneyti atvinnuvega og nýsköpunar. Verkinu er ekki lokið, en unnið verður áfram að því að ljúka þessari endurskoðun.

Samskipti við ráðuneyti atvinnuvega og nýsköpunar

Í desember fóru framkvæmdastjóri VFÍ og formaður MVFÍ á fund í ráðuneytinu til viðræðna um reglur um mat á umsóknum um starfsheitið verkfræðingur og framkvæmd þeirra. Meðal annars var rætt hvort reglurnar væru of flóknar, of strangar og hvort þær væru nógu gagnsæjar fyrir umsækjendur. Þá var rætt um að bæta samskipti VFÍ og ráðuneytisins, meðal annars um viðbótargögn sem kallað er eftir.

Í framhaldi af þessum fundi ákvað ráðuneytið að samþykkja tvær umsóknir um starfsheitið verkfræðingur, sem MVFÍ hafði mælt með að yrði hafnað, þar sem þær uppfylltu ekki auglýstar kröfur ráðuneytisins og VFÍ um starfsheitið. Í öðru tilvikinu taldi MVFÍ að meistaragráða umsækjanda gæti ekki talist verkfræðigráða. Í hinu tilvikinu taldi MVFÍ að mikið vantaði á að kröfur um fjölda eininga í undirstöðugreinum verkfræðinnar væru uppfylltar. Þetta er í fyrsta sinn sem ráðuneytið hefur úrskurðað gegn því sem MVFÍ mælir með.

*F.h. Menntamálanefndar VFÍ
Steindór Guðmundsson, formaður.*

Endurmenntun – samstarf við EHÍ

Verkfræðingafélag Íslands hefur frá upphafi verið aðili að Endurmenntun HÍ (EHÍ) og er því heiðurs-samstarfsaðili. Fyrir tíu árum, í september 2009, var skrifað undir formlegan samstarfssamning við Endurmenntun HÍ. Markmiðið var að auka framboð á námskeiðum, vinna saman að kynningu þeirra og efla tengsl skrifstofu félaganna við Endurmenntun HÍ. Þá hefur Endurmenntun boðið félagsmönnum valin námskeið á sérstökum afsláttarkjörum. Á síðustu árum hefur verið unnið að því að halda námskeið á vegum landshlutadeildanna. VFÍ greiðir þá ferðakostnað fyrirlesara og gistingu ef þarf. Þannig er unnt að bjóða námskeiðin á sömu kjörum og hjá EHÍ í Reykjavík. Þá er rétt að geta þess að á árinu 2018 aðstoðaði Endurmenntun VFÍ við framkvæmd könnunar á hæfniþróun sem var unnin á vegum ANE (Association of Nordic Engineers). Niðurstöður könnunnar innar eru birtar á vef VFÍ.



Útgáfumál

Útgáfumál

Verktækni – tímarit VFÍ kom út einu sinni á árinu. Í blaðinu voru, auk efnis almenns eðlis, tvær ritrýndar greinar og ein tækni- og vísindagrein. Möguleikar á rafrænni útgáfu hafa sem fyrr verið til skoðunar. Í stefnumótun stjórnar var tekið á útgáfumálum og það markmið sett að Verktækni verði ISI-vísindarit (þ.e. alþjóðlegt fræðirit í fyrsta flokki). Starfshópur með fulltrúum háskólanna hefur tekið að sér þetta verkefni og er vonast til að það klárast fyrri hluta árs 2019.

timarit.is og aðrir gagnagrunnar

Í gildi er samningur við timarit.is um að allt útgefið efni félagsins verði aðgengilegt á rafrænu formi. Ávinningurinn af því að setja efnið inn á timarit.is er meðal annars sá að varðveisla á gögnunum er tryggð, miðlun um allar upplýsingaveitur, textaleit og tengingar við aðrar leitarvélar.

vfi.is

Í viðhorfskönnun VFÍ var spurt sérstaklega um reynsluna af vefnum, einnig er fylgst með notkun og virkni vefjarins. Uppsetningu á „Mínum síðum“ á að vera lokið fyrir aðalfund 2019. Þar með verður auðveldara fyrir félagsmenn að fylgjast með réttindum í sjóðum, stöðu umsókna, iðgjaldagreiðslum og öðru er tengist aðild að félaginu og sjóðum VFÍ.

VFÍ er á Facebook, slóðin er:
facebook.com/vfi.1912.

Rafbílar VFÍ

Í framhaldi af ráðstefnum VFÍ um rafbílavæðinguna var stofnaður hópurnin „Rafbílar VFÍ“ á Facebook. Stöðugt fjölgar í hópnum og þar eru áhugaverðar upplýsingar og umræður um rafbílavæðinguna.

Ritröð VFÍ

Á 90 ára afmæli Verkfræðingafélags Íslands var ákveðið að ráðast í útgáfu ritraðar sem lyki með útgáfu á sögu VFÍ á hundrað ára afmæli félagsins 19. apríl 2012. Síðan þá hefur ein bók bæst við.

Í ritröðinni eru átta bækur:

- Frumherjar í verkfræði á Íslandi. (2002)
- Afl í segulæðum. Saga rafmagns á Íslandi í 100 ár. (2004)
- Í ljósi vísindanna. Saga hagnýtra rannsóknna á Íslandi. (2005)
- Brýr að baki. Brýr á Íslandi í 1100 ár. (2007)
- Sementsiðnaður á Íslandi í 50 ár. (2008)
- Verkin sýna merkin. - Saga framkvæmda og verktakastarfsemi á Íslandi. (2009)
- VFÍ í 100 ár. – Saga Verkfræðingafélags Íslands. (2012)
- Alþjóðaheilbrigðismál – Ísland til áhrifa (2016)





Siðanefnd VFÍ


Í lögum Verkfræðingafélags Íslands (19. grein) segir :

„Siðanefnd skal starfa í félaginu. Hlutverk hennar er að láta í ljós álit um ágreining, sem rísa kann vegna ætlaðs brots á siðareglum félagsins og halda siðareglum Verkfræðingafélags Íslands á lofti meðal félagsmanna. Nefndin kemur saman tvisvar á ári og oftár ef tilefni er til. Siðanefnd starfar óháð stjórn félagsins og ákveður hvernig álit nefndarinnar er komið á framfæri. Í Siðanefnd eiga sæti þrjár fastafulltrúar skipaðir af stjórn VFÍ til tveggja ára. Stjórn VFÍ skipar formann. Í hverju máli skipar stjórn VFÍ tvo fulltrúa til viðbótar til að fjalla um þetta einstaka mál. Við val í nefndina skal

leitast við að hafa a.m.k. einn fulltrúa háskólasamfélagsins og einn fulltrúa almenna markaðarins. Við vanhæfi einstakra stjórnarmanna og í sérstökum kærumálum getur stjórn VFÍ, að ósk formanns Siðanefndar, skipað fleiri til starfa í Siðanefndinni. Nefndinni er skipaður ritari úr hópi starfsmanna VFÍ.“

Hákon Ólafsson er formaður nefndarinnar og Guðrún A. Sævarsdóttir er fulltrúi háskólasamfélagsins. Þá er Eiríkur Þorbjörnsson fulltrúi almenna markaðarins. Nefndin fundaði ekki á starfsárinu en fyrir liggur að vinna að starfsreglum nefndarinnar.

Engin mál bárust Siðanefnd VFÍ á starfsárinu 2018-2019.





Fræðandi og skemmtilegt félagsstarf

Fundur og ráðstefnur

Fjöldi viðburða var haldinn á vegum félagsins á starfsárinu og listinn á bls. 26 og 27 er til vitnis um öflugt og fjölbreytt starf. Samlokufundur áttu sinn fasta stað í félagsstarfinu og voru vel sóttir.

Útsendingar/upptökur af fundum í Verkfræðingahúsi má finna á vefslóðinni: <http://www.ustream.tv/channel/verktaekni>

Dagur verkfræðinnar

Dagur verkfræðinnar var haldinn í fimmta sinn 22. mars 2019 á Hilton Reykjavík Nordica.

Markmiðið með deginum er að kynna verkfræðina, spennandi störf og verkefni á því sviði og ekki síst efla tengsl og samheldni meðal íslenskra verkfræðinga og tæknifræðinga. Dagskráin hófst kl. 13 með spennandi og fjölbreyttri dagskrá, þar sem fyrirlestrar og kynningar fóru fram þremur opnum sölum. Þessi stærsti viðburður á vegum VFÍ hefur sannarlega fest sig í sessi. Enn eitt árið var sett aðsóknarmet og varð að loka fyrir skráningu deginum áður. Þá voru 530 skráðir. Það fyrirkomulag að leita til félagsmanna eftir hugmyndum hefur

gefist vel og er nú svo komið að færri komast að með fyrirlestur en vilja.

Viðburður í jafnvægi

Konur í orkumálum veittu Degi verkfræðinnar jafnréttisstimpil fyrir að vera „Viðburður í jafnvægi“. Í tilkynningu frá félaginu segir: „Stjórn félagsins Konur í Orkumálum, hrinti í haust af stað verkefniinu „Viðburður í jafnvægi“. Félagið skoðaði skiptingu kynja meðal fyrirlesara og fundarstjóra á Degi verkfræðinnar sem haldinn verður 22. mars nk. og gleðst yfir því að kynjajafnrétti sé í hávegum haft. Félagið vill því lýsa því yfir að viðburðurinn flokkast sem Viðburður í jafnvægi og hlýtur þar með Jafnréttisstimpil Kvenna í Orkumálum.“

Fjölskyldudagur verkfræðinnar

Fjölskyldudagur verkfræðinnar var haldinn í annað sinn 19. ágúst 2018 í Húsdýragarðinum Laugardal. Frítt var í garðinn fyrir félagsmenn, maka og börn þeirra. Vísindasmiðja Háskóla Íslands og Stjörnu-Sævar voru á staðnum. Einnig mætti Team Sleipnir frá Háskólanum í Reykjavík og sýndi kappakstursbílinn. Það var vel mætt og Fjölskyldudagur verkfræðinnar hefur fest sig í sessi í starfsemi VFÍ.





Rýnisferðin 2018

Gríðarlegur áhugi var á nítjándu Rýnisferðinni og seldist upp í ferðina á örskömmum tíma. Að þessu sinni var haldið til Singapúr og var möguleiki að framlengja ferðina með vikuvöl á Balí. Rýnisferðir hófust á vegum Tæknifræðingafélags Íslands árið 1998. Ferðirnar hafa notið mikilla vinsælda frá upphafi.

Öldungadeild VFÍ

Eftir nokkra undirbúningsvinnu var stofnfundur Öldungadeildar VFÍ (ÖVFI) haldinn 27. mars 2019. Í samþykktum deildarinnar segir að markmiðið sé einkum að efla og viðhalda kynnum félagsmanna, styðja við starfsemi VFÍ og standa að fræðslu fyrir félagsmenn. Félagar í ÖVFI geta orðið allir félagsmenn í VFÍ sem náð hafa 65 ára aldri.

Heimsóknir í skólana

Á hverju hausti kynna forsvarsmenn VFÍ fyrsta árs nemum í verkfræði starfsemi félagsins. Einnig er það fastur liður að halda hádegisfundi í skólunum þar sem nemendum er boðið upp á hressingu um leið og þeir fá kynningu á félaginu. Þeim sem lengra eru komnir í verkfræðináminu er boðið í heimsókn í Verkfræðingahúsið í svokallaðar „vísindaferðir“. VFÍ á einnig gott samstarf við kappaksturslið háskólanna og er styrktaraðili þeirra. Annað hvert ár heimsækir VFÍ nemendur í Danmörku og hafa þeir fundir verið mjög vel sóttir.

VerkTækni golfmótið

Árlegt golféinvígi verkfræðinga og tækni-fræðinga, VerkTækni golfmótið, var haldið á Garðavelli á Akranesi 6. september 2018. Að nýju var háð golféinvígi milli verkfræðinga og tæknifræðinga þar sem fimm bestu skor telja á forgjafar. Einnig var keppt í flokki félagsmanna VFÍ annars vegar og gesta og maka hins vegar.

Námssjóður J.C. Möller

Námssjóður J.C. Möller frá 6. október 1938, hefur úthlutað styrkjum til efnilegra íslenskra stúdenta, sem stunda nám, eða ætla sér að stunda nám í tækniháskóla á Norðurlöndum. Styrkurinn er þó sérstaklega ætlaður þeim sem stunda, eða ætla sér að stunda nám í rafmagnsverkfræði og þá einkum þeim er stunda, eða ætla

sér að stunda nám í Danmarks Tekniske Universitet í Kaupmannahöfn. Ekki var úthlutað úr sjóðnum á árinu.

Glæsileg aðstaða

Aðal fundasalurinn í Verkfræðingahúsi hefur verið vel nýttur. Félagsmönnum stendur til boða að taka salinn á leigu fyrir fundi og mannfagnaði og hefur það mælst vel fyrir enda er salur glæsilegur að aðstaðan eins og best verður á kosið.

Félagsskírteini

Á árinu 2017 gerði VFÍ samning við Íslandskortið um útgáfu á rafrænu félagsskírteini. Marvíslegir afslættir fylgja notkun kortsins og eru upplýsingar á islandskortid.is þar sem afsláttarkjör eru uppfærð reglulega.





Samstarf innanlands og erlendis

Félagafjöldinn

Í lok árs 2018 voru félagsmenn í Verkfræðingafélagi Íslands 4221. Konur voru 17,7% félagsmanna. Skrifstofa VFÍ veitir einnig félagsmönnum í Stéttarfélagi tölvunarfræðinga og Stéttarfélagi byggingarfræðinga þjónustu. Í árslok 2018 voru félagsmenn í þessum tveimur félögum samtals 646.

Samstarf við HÍ og HR

Verkfræðingafélag Íslands leggur mikla áherslu á gott samstarf við Verkfræði- og náttúruvísindasvið Háskóla Íslands og Tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík. Samstarfið við skólana er afar mikilvægt því eitt af meginmarkmiðum

félagsins er að standa vörð um starfsheitið og tryggja gæði náms í verkfræði og tæknifræði hér á landi.

VFÍ hefur veitt viðurkenningar fyrir lokaverkefni nemenda í tæknifræði og fyrir veggspjaldakynningar verkfræðinema í HR. Unnið er að því að móta nýjar reglur fyrir viðurkenningarnar þannig að veitt verði sambærileg verðlaun til nemenda í verkfræði og tæknifræði í báðum háskólum.

Kynningarfundir og vísindaferðir fyrir nema eru fastur liður. VFÍ tók þátt í Framadögum háskólanna. Það er mjög mikilvægt að hafa sterk tengsl við skólana og margir höfðu áhuga á að ræða við fulltrúa félaganna um

ýmislegt sem varðar námið og hvað tekur við þegar út á vinnumarkaðinn er komið.


Samstarf við Vísindasmiðju HÍ

Verkfræðingafélags Íslands og Vísindasmiðja Háskóla Íslands vinna saman að því að efla áhuga ungs fólks á vísindum, tækni og nýsköpun. Samstarfssamningur var fyrst undirritaður í mars 2018 og var þar áhersla á fræðslufni fyrir kennara og nemendur um forritun. Samningurinn er endurskoðaður í nóvember ár hvert og nú er áherslan á að fræða ungt fólk um loftslagsbreytingar og aðgerðir til að sporna gegn þeirri vá.

Vísindasmiðjan hélt námskeið í tækjaforritun fyrir börn félagsmanna VFÍ á aldrinum 11 – 16 ára. Mikill áhugi reyndist vera á námskeiðinu og komust færri að en vildu. – Þegar þetta er skrifað en í undirbúningi að halda annað námskeið.

Samstarfssamningurinn gerir einnig ráð fyrir að Vísindasmiðjan taki þátt í Fjölskyldudegi verkfræðinnar.

Fjöldi félagsmanna VFÍ í ársbyrjun 2001 - 2019



Norðurlandasamstarf

ANE - Association of Nordic Engineers

Verkfræðingafélag Íslands varð aðili að ANE í upphafi árs 2018. ANE er samstarfs- vettvangur félaga verkfræðinga og tækni- fræðinga í Danmörku, Svíþjóð og öðru af tveimur félögum í Noregi. Hlutverk ANE er að gæta hagsmuna norrænna verk- fræðinga og tækni- fræðinga bæði innan Norðurlandanna og í alþjóðlegu tilliti. Í dag eru um 360 þúsund félagsmenn í aðildarfé- lögum ANE.

Stærstu verkefni ANE á starfsárinu voru könnun á hæfnipróun annars vegar og hins vegar skýrsla og aðgerðaáætlun um sið- ferði og gervigreind. Verkefni ANE af þessu tagi eru unnin sameiginlega af starfsmön- num norrænu félaganna. Báðar þessar skýr- slur má nálgast á vef VFÍ.

Á vef ANE, www.nordicengineers.org eru greinargóðar upplýsingar um starfsemina.

Nording

Nording er samstarfsvettvangur norrænna félaga verkfræðinga og tækni- fræðinga. Einnig hefur félagið í Eistlandi fulla aðild að Nording. Aðalfundur er haldinn einu sinni á ári og á hann mæta formenn og framkvæmdastjórar félaganna.

Tólf félög eiga aðild að Nording og eru fé- lagsmenn þeirra samtals um 400 þúsund. Meðal verkefna Nording er samræming á stefnu félaganna í Evrópusamstarfi og að koma fram fyrir hönd félaganna gagnvart Evrópusambandinu og stofnunum þess.

Á aðalfundum Nording bera forsvarsmenn félaganna saman bækur sínar um stöðu mála á vinnu- markaði og helstu verkefni hvers félags.

Á vettvangi ANE og NORDING hefur VFÍ talað fyrir því að sameina kraftana und- ir merkjum ANE og finna leiðir til að öll félög tækni- fræðinga og verkfræðinga á Norðurlöngunum taki þátt í því starfi.

Gestaaðild

Í gildi er samkomulag norrænna félaga verkfræðinga og tækni- fræðinga um gestaaðild. Samkomulagið geta þeir félagsmenn nýtt sér sem starfa í norrænu landi utan heimalands síns. Það nær til níu norrænna félaga tækni- fræðinga og verkfræðinga auk VFÍ.

Gestafélagi hefur sama rétt í norrænum félögum tækni- fræðinga og verkfræðinga og almennir félagsmenn en hefur ekki atkvæðis- og kjörgengisrétt. Þá er lögfræðikostnaður ekki innifalinn í gestaaðild og verður því aðeins greiddur að móðurfélag samþykki greiðsluna. Samkomulagið nær heldur ekki til atvinnuleysisbóta.

Hægt er að vera gestafélagi í mesta lagi í þrjú ár. Gestaaðild fellur niður ef viðkom- andi félagsmaður segir sig úr heimafé- laginu, á Íslandi VFÍ, eða hættir störfum í viðkomandi landi. Samkomulagið gildir ekki um málefni nema (ungfélaga), eftir- launaþega eða félagsmanna sem af öðrum orsökum eru ekki fullgildir félagsmenn. Gestaaðildin er gjaldfrí fyrir félagsmenn að því tilskyldu að félagsaðildin í heimafé- laginu sé í gildi og félagsgjöld í skilum.

92% búa á Íslandi

Lang stærstur hluti félagsmanna VFÍ er búsettur á Íslandi, eða 92%. Af þeim 8% fé- lagsmanna sem búa í útlöndum eru karlar 77% og konur 23%. Af þeim sem búa er- lendis eru lang flestir á Norðurlöndunum, eða 69%, annar staðar í Evrópu búa 14% og 17% búa í löndum utan Evrópu.

Íslandsnefnd FEANI

Verkfræðingafélag Íslands er aðili að FEANI, Evrópusamtökum verkfræðingafélaga og tækni- fræðingafélaga. Í hverju aðildarlandi starfa landsnefndir og starfar Íslandsnefnd FEANI á vegum VFÍ. Steindór Guðmundsson formaður Menntamálanefndar VFÍ (MVFI) er formaður Íslandsnefndar FEANI.

Aðalfundur FEANI er haldinn í septem- ber/október á hverju ári í einhverju aðildar-

landanna, sem nú eru 33 talsins og auk þess eru tvö lönd til viðbótar með auka- aðild. Félagsmenn aðildarfélaganna teljast vera rúmlega 3,5 milljónir (verkfræðingar og tækni- fræðingar) Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins viðurkennir FEANI opinberlega sem fulltrúa verkfræðinga- og tækni- fræðingastéttanna í Evrópu. Íslandsnefndin hefur lagt áherslu á að senda fulltrúa á aðalfundinn á hverju ári, og er það að jafnaði formaður nefndarinnar sem hann sækir.

Nánari upplýsingar um FEANI má fá á heimasíðu samtakanna: <https://www.feani.org/>

Ársfundur FEANI 2018

Ársfundur FEANI 2018 var haldinn 5. október í Valetta á Möltu og í tengslum við hann var haldin ráðstefna um gervigreind síðdegis 4. október. Fyrir hádegi þann dag var svo fundur landsnefndanna: „National Members Forum“, sem að jafnaði er haldinn tvisvar á ári og annar þeirra í tengslum við ársfundinn. Í lok ársfundarins bauð formað- ur Íslandsnefndar FEANI fundarmenn vel- komna til Reykjavíkur í byrjun október 2019 á næsta ársfund FEANI.

Sérstakir fundir þriggja svæðishluta inn- an FEANI eru haldnir reglulega til að fara yfir og samræma sjónarmið. Ísland er í FEANI – North, en þar eru Norðurlöndin, Eistland, Bretland, Írland og Rússland. FEANI - North hélt fund í Dublin í febrúar 2019 og Ísland sendi fulltrúa á þann fund, meðal annars með undirbúning ársfundarins í Reykjavík í huga. Á þennan fund mættu fulltrúar Norðurlandanna, Bretlands og Írlands, en Rússar og Eistar sendu ekki fulltrúa til Dublin.

Næsti aðalfundur FEANI verður haldinn 4. október 2019 í Reykjavík, eins og fram kemur hér að framan. Daginn áður, 3. október, verður fundur landsnefnda FEANI: „National Members Forum“ fyrir hádegi, og eftir hádegi verður stutt ráðstefna um ein- hver verkfræðileg málefni. Undirbúningur fyrir þennan ársfund FEANI er í gangi hjá VFÍ.

*F.h. Íslandsnefndar FEANI
Steindór Guðmundsson, formaður*



Áritun endurskoðenda

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir Félagssjóð Verkfræðingafélags Íslands fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og sundurliðanir nr. 1-13.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við viðurkenndar aðferðir á Íslandi við gerð óendurskoðaðra ársreikninga með það að markmiði að aðstoða stjórn Verkfræðingafélags Íslands við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningskilavenju á Íslandi. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum. Við höfum tekið ákveðna liði ársreikningsins til sérstakrar skoðunar og yfirfarið framsetningu hans í heild.

Við höfum ekki endurskoðað ársreikninginn og þar af leiðandi ekki sannreynt grundvöll hans að öðru leyti en að framan segir.

Framsetning ársreikningsins er í samræmi við lög og góða reikningskilavenju á Íslandi

og allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli koma þar fram.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam rekstrarhagnaður ársins rúmum 44,5 mkr. en rekstrartekjur námu rúmum 223,6 mkr. Heildareignir í lok ársins samkvæmt efnahagsreikningi námu rúmum 246,4 mkr. en heildarskuldir rúmum 24,9 mkr. á sama tíma. Eigið fé var því jákvætt um rúmar 221,5 mkr. í árslok.

*Reykjavík, 22. mars 2019.
Kristinn Gestsson, löggiltur
endurskoðandi.*

Ég undirritaður félagskjörinn skoðunarmaður Verkfræðingafélags Íslands, hef yfirfarið ársreikning þennan. Hann er í samræmi við lög og reglur félagsins og legg ég til að hann verði samþykktur.

*Reykjavík, 25. mars 2019.
Torfi G. Sigurðsson*

Ársreikningur félagssjóðs VFÍ 2018

Rekstrarreikningur

	2018	2017
<i>Rekstrartekjur</i>		
Félagsgjöld	141.343	128.675
Félagsgjöld SFB og ST	22.621	20.309
Umsýslugjöld sjóða	59.641	54.399
Rekstrartekjur alls	223.605	203.383
<i>Rekstrargjöld</i>		
Laun og launatengd gjöld	84.658	75.054
Húsnæðiskostnaður	15.864	13.416
Aðkeypt þjónusta	7.127	1.912
Þjónustusamningar	3.292	3.129
Skrifstofukostnaður	9.811	8.818
Stjórnarlausn-samninganefndir	1.973	2.313
Rekstrargjöld alls	122.725	104.642
Hagnaður/tap af aðalstarfsemi	100.880	98.741
<i>Aðrar tekjur og gjöld</i>		
Útgáfumál og vefumsjónarkerfi	7.779	5.209
Félagakerfi, vél- og hugbúnaður	15.440	9.655
Húsbúnaður	5.620	668
Fundir, ráðstefnur og kynningarstarf	9.605	9.146
Innlent og erlent samstarf	8.011	5.522
Kjarakannanir og námskeið	1.525	1.612
Lögfræðikostnaður	8.116	5.877
Önnur verkefni	4.760	8.919
Aðrar tekjur og gjöld alls	60.856	46.608
Hagnaður/tap án fjármagnsliða	40.024	52.134
<i>Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld</i>		
Vaxtatekjur og verðbætur	6.137	4.431
Fjármagnstekjuskattur	-1.350	-836
Vaxtagjöld / bankakostnaður	-298	-453
	4.489	3.142
Tekjur umfram (gjöld) á árinu	44.513	55.276

Efnahagsreikningur pr. 31.12.2018

	2018	2017		2018	2017
<i>Eignir</i>			<i>Skuldir og eigið fé</i>		
Fastafjármunir	0	0	Eigið fé:		
			Óráðstafað eigið fé	221.511	175.564
Veltufjármunir:			<i>Skuldir:</i>		
Skammtímakröfur	28.004	37.167	Skammtímaskuldir	24.950	30.559
Handbært fé:	218.457	168.956			
Samtals eignir	246.461	206.123	Samtals skuldir og eigið fé	246.461	206.123

Ársreikningur Verkfræðingahúss SES 2018

Skýrsla stjórnar Verkfræðingahúss SES

Stjórn Verkfræðingahúss SES tók formlega til starfa í upphafi árs 2018. Á árinu voru haldnir tíu fundir en aðeins hluti þeirra voru formlegir stjórnarfundir eða fjórir. Aðrir fundir tengdust öðrum störfum m.a. því markmiði stjórnar að gera breytingar á samþykktum sjálfseignarstofnunarinnar í samvinnu við stjórn VFÍ í þeim tilgangi að einfalda rekstur og stefna að því að hafa einn sjóð en ekki sjálfstæðan styrktarsjóð og því sjálfstætt uppgjör og utanumhald. Samkomulag náðist í byrjun árs 2019 og hafa nýjar samþykktir verið undirritaðar af stjórn Verkfræðingahúss SES og stjórn VFÍ.

Þá setti stjórn sér það markmið að endurnýja leigusamninga og koma þeim nærmarkaðsleigu. Leitað var til sérfræðinga um leigumál, Jöfur eignamiðlun og þeir fengnir til að meta leigurými með tilliti til markaðsleigu. Því verki lauk í september 2018 og nú hafa allir leigusamningar verið endurnýjaðir og nýtt samkomulag gert við VFÍ um rekstur hússins. Þá hafa nýir leigutakar komið inn og því eru öll rými hússins nú í útleigu.

Á starfsárinu var unnið að endurbótum á vesturenda 2. hæðar. Þar var innréttað

nýtt fundarherbergi sem Lífsverk leigir. Þá voru snyrtingar í vesturenda endurnýjaðar og unnið hefur verið að endurnýjun á kaffiaðstöðu á 2. hæðinni. Búið er að taka ákvörðun um að mála fundarherbergi á 3ju hæð vestan megin. Ýmis smærri viðvaldsverkefni eru í skoðun.

Með ofangreindum breytingum og nýjum samningum um leigu er lagður traustari fjárhagslegur grunnur að rekstri Verkfræðingahúss SES og stjórn gert kleift að nálgast tilgang stofnunarinnar sem er að styrkja félag okkar til náms og rannsókna í framtíðinni. Síðar á árinu 2019 munu verða kynntar frekari hugmyndir um útfærslu styrkja og tímaáætlanir í því sambandi.

Rekstrarreikningur Verkfræðingahúss SES 2018

	2018	2017
<i>Rekstrartekjur</i>		
Húsaleiga	25.233	23.249
Rekstrartekjur alls	<u>25.233</u>	<u>23.249</u>
<i>Rekstrargjöld</i>		
Rekstur fasteignar	6.890	6.212
Framlag til samrekstrar	1.009	930
Annar kostnaður	23	310
Rekstrargjöld alls	<u>7.922</u>	<u>7.452</u>
Hagnaður/tap án fyrninga og fjármagnsliða	17.311	15.797
Fyrningar	-6.642	-6.268
Fyrningar alls	<u>-6.642</u>	<u>-6.268</u>
Hagnaður/tap án fjármagnsliða	10.669	9.529
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	44	-286
Tekjur umfram (gjöld) á árinu	<u>10.713</u>	<u>9.243</u>

Reykjavík 27. mars 2019
f.h. stjórnar Verkfræðingahúss SES,

Agnar Kofoed-Hansen, formaður
Vífill Oddsson
Jóhanna H. Árnadóttir

Varamæðstjórnendur:
Eva Yngvadóttir
Albert Guðmundsson

Efnahagsreikningur pr. 31.12.2018

	2018	2017		2018	2017
<i>Eignir</i>			<i>Skuldir og eigið fé</i>		
Fastafjármunir:			Eigið fé:		
Engjateigur 9	416.877	392.069	Óráðstafað eigið fé	393.632	366.412
Fastafjármunir alls	<u>416.877</u>	<u>392.069</u>	Fyrningarsjóður fasteignar	<u>22.787</u>	<u>24.047</u>
			<i>Eigið fé alls</i>	<u>416.419</u>	<u>390.459</u>
Veltufjármunir:			Skuldir:		
Skammtímakröfur	102	380	Skammtímaskuldir	<u>826</u>	<u>2.030</u>
Handbært fé	266	40	Skuldir alls	<u>826</u>	<u>2.030</u>
Veltufjármunir alls	<u>368</u>	<u>420</u>			
<i>Samtals eignir</i>	<u>417.245</u>	<u>392.489</u>	<i>Samtals skuldir og eigið fé</i>	<u>417.245</u>	<u>392.489</u>

Ársskýrsla KVFÍ

Í stjórn KVFÍ eru:

Birkir H. Jóakimsson, formaður
Hlín Benediktsdóttir, varaformaður
Erlendur Örn Fjeldsted
Heimir Örn Hólmarsson
Margrét Elín Sigurðardóttir

Varamenn í stjórn KVFÍ:

Helga Helgadóttir
Kristín Arna Ingólfssdóttir
Einar Halldórsson

Kjarasamningar Verkfræðingafélagsins við ríki, borg, sveitarfélög, Félag ráðgjafaverkfræðinga og hálfopinberar stofnanir runnu út á fyrstu mánuðum ársins 2019. Undirbúningur fyrir komandi kjaraviðræður hefur því verið í fullum gangi á kjarasviði og gera má ráð fyrir að viðræður komist á skrið um leið og kjarasamningar nást á almennum vinnumarkaði. Liður í undirbúningnum var meðal annars að láta framkvæma könnun á viðhorfi félagsmanna til komandi kjaraviðræðna sem framkvæmd var á tímabilinu janúar til febrúar síðastliðinn.

Á síðasta starfsári var haldið áfram með gerð stofnanasamninga á opinbera vinnu- markaðnum og hefur nú að mestu verið samið við þær stofnanir þar sem a.m.k. fimm eða fleiri félagsmenn starfa.

Frá gerð síðustu kjarasamninga við Samband sveitarfélaga hefur legið fyrir að innleiða þurfi starfaflokkunarkerfið Starfsmat innan þeirra sveitarfélaga þar sem félagsmenn VFI eru starfandi. Innleiðing starfsmats nær jafnframt til félagsmanna í Stéttarfélagi byggingafræðinga (SFB) á grundvelli þjónustusamnings við VFI. Innleiðingarferlið hófst formlega í byrjun þessa árs og gert er ráð fyrir umtalsverðri aðkomu kjarasviðs í þeirri vinnu næstu 6-12 mánuði.

Ráðgjöf við félagsmenn hefur aukist frá ári til árs í takt við vaxandi fjölda félagsmanna og hefur fyrirsögnunum varðandi einstaklingsbundna þjónustu farið fjölgandi jafnt og þétt s.s. undirbúningur launaviðtala, yfirlestur ráðningarsamninga, úrlausn ágreiningsmála við vinnuveitendur og ýmis önnur lögfræðileg ráðgjöf. Á síðustu árum hefur jafnframt orðið talsverð aukning á beiðnum til félagsins um veitingu umsagna vegna umsókna erlendra verkfræðinga og tæknifræðinga um atvinnuleyfi hér á landi.

Stjórn kjaradeildar VFI hélt ellefu fundi á starfsárinu og voru meðal annars tekin til umfjöllunar mál er vörðuðu undirbúning komandi kjaraviðræðna, skipun í samninganefndir, kjarakönnun ofl.

Kjarasamningar

Árin 2015 -2016 voru gerðir nýir kjarasamningar við flesta viðsejendur til þriggja ára.

Kjarasamningar á almennum vinnumarkaði eru við:

Samtök atvinnulífsins (SA)
Félag ráðgjafaverkfræðinga (FRV)
RARIK
Orkuveitu Reykjavíkur (OR)
Landsvirkjun (f.h. Félags tæknimanna hjá Landsvirkjun - FTL)
Landsnet (f.h. FTL)

Kjarasamningar á opinberum vinnumarkaði eru við:

Ríkið
Reykjavíkurborg
Samband sveitarfélaga (SNS)

Kjarasamningarnir við Orkuveituna, Landsvirkjun og RARIK runnu út 31. desember sl., samningurinn við FRV 28. febrúar sl., samningarnir við ríki, borg og

sveitarfélögin 31. mars og samningurinn við Landsnet rennur út 30. apríl nk.

Á síðasta starfsári hefur staðið yfir vinna við endurskoðun á ótímabundnum kjarasamningi VFI við SA. Nýr kjarasamningur við SA var undirritaður í júní og tók gildi 1. júlí 2018. Við endurnýjunina voru réttindaákvæði samningsins uppfærð með sama hætti og gert var í kjarasamningi BHM við SA fyrir skemmstu enda samningarnir nær samhljóða.

Kjarasvið VFI mun jafnframt leiða komandi kjaraviðræður Stéttarfélags tölvunarfræðinga (ST) við ríki og borg á grundvelli þjónustusamnings.

Stofnanasamningar

Vinnu við gerð stofnanasamninga við ríkisstofnanir var haldið áfram á síðasta starfsári og hefur nú verið lokið við gerð 13 stofnanasamninga frá undirritun síðustu kjarasamninga. Á síðasta starfsári voru undirritaðir stofnanasamningar við Samgöngustofu, Tryggingastofnun, ÁTVR, Mannvirkjastofnun, Neytendastofu, Framkvæmdasýslu ríkisins og Hagstofu Íslands. Vinna við gerð stofnanasamninga við þær ríkisstofnanir þar sem mestur fjöldi félagsmanna starfar er því langt komin.

Námskeið

Á síðasta starfsári voru haldin námskeið um launaviðtöl í mars og nóvember 2018, þar sem meðal annars var farið yfir grundvallaratriði í samningatækni. Aðsókn að námskeiðunum um launaviðtöl er að jafnaði mikil og er því stefnt að því að bjóða upp á slíkt námskeið á vegum félagsins a.m.k. árlega sem mun standa öllum félagsmönnum til boða, þeim að kostnaðarlausu.

Skýrsla Styrktarsjóðs VFÍ 2018

Stjórn Styrktarsjóðs VFÍ starfsárið 2018-2019:

Auður Ólafsdóttir
Hulda Guðmundsdóttir
Hermann Ólason
Bjarni Bentsson
Hreinn Ólafsson


Sjóðfélagar eru starfsmenn ríkisins og sveitarfélaga og starfsmenn opinberra hlutafélaga sem félagið gerir kjarasamninga við. Fjöldi sjóðfélaga er 705 þarf af eru félagar í VFÍ 616 og aðrir 89. Veittir voru 759 styrkir alls sem er 7% fjölgun milli ára

Rekstrarreikningur


Á meðfylgjandi rekstrarreikningi sést að iðgjöld ársins námu 50,8 mkr. og hækkuðu um 10% milli ára. Styrkir námu 61,7mkr. Rekstrargjöld voru um 6,4 mkr. Gjöld um-

fram tekjur námu 15 mkr. og óráðstafað eigið fé í árslok 2018 var 50,8 mkr. Þetta var áttunda árið í röð sem heildarupphæð styrkja er hærri en greidd iðgjöld. Frá og með áramótum 2018-2019 gilda nýjar úthlutunarreglur sem miða að því að tryggingabætur, dagpeningagreiðslur og fæðingarstyrkir skerðist ekki en aðrir styrkir verða greiddir út sem hlutfall af greiddu iðgjaldi hvers sjóðfélaga. Þess ber að geta að iðgjöld sjóðfélaga eru mismunandi; lægst 0,55% af launum og hæst 1% af launum.


Fjöldi greiddra styrkja úr styrktarsjóði VFÍ



Lykiltölur Fjölskyldu og styrktarsjóðs VFÍ



Sjóðfélagar Fjölskyldu og styrktarsjóðs VFÍ



Rekstrarreikningur

	2018	2017
<i>Rekstrartekjur</i>		
Iðgjöld	50.763	46.168
<i>Rekstrartekjur alls</i>	50.763	46.168
<i>Rekstrargjöld</i>		
Styrkir og hóprannsókn	61.728	69.922
Umsýslukostnaður	5.076	4.617
Annar kostnaður	1.355	773
<i>Rekstrargjöld alls</i>	68.159	75.312
Hagnaður/tap án fjármagnsliða	-17.396	-29.144
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	2.384	2.352
<i>(Gjöld) umfram tekjur á árinu</i>	-15.012	-26.792

Efnahagsreikningur pr. 31.12.2018

	2018	2017
<i>Eignir</i>		
Veltufjármunir		
Skammtímakröfur	0	1.632
Handbært fé	54.192	69.651
	54.192	71.283
<i>Skuldir og eigið fé</i>		
Óráðstafað eigið fé	50.755	65.768
Skammtímaskuldir	3.437	5.515
	54.192	71.283

Skýrsla Sjúkrasjóðs VFÍ 2018

Stjórn Sjúkrasjóðs fyrir starfsárið 2018 til 2019:

Hulda Björg Þórisdóttir
Halldór Árnason
Björgvin Áskelsson
Helgi Baldvinsson
Þór Hallgrímsson

Sjóðfélagar eru starfsmenn á FRV verkfræðistofum og starfsmenn á almennum markaði.

Á síðastliðnu ári voru veittir 2634 styrkir sem er 21,9% fjölgun frá árinu áður.

Rekstrarreikningur


Á meðfylgjandi rekstrarreikningi sést að iðgjöld ársins 2018 námu 292,7 mkr. sem er 12,6% hækkun frá 2017. Styrkir námu rúmum 246,3 mkr og hækka um 39% milli ára. Rekstrargjöld voru 30,9 mkr.

Sjóðfélagar voru 2533 í árslok 2018 þ.e.a.s. þeir sem greidd voru iðgjöld fyrir á árinu.

Rekstrarreikningur

	2018	2017
<i>Rekstrartekjur</i>		
Iðgjöld	292.689	259.883
<i>Rekstrartekjur alls</i>	292.689	259.883
<i>Rekstrargjöld</i>		
Styrkir og hóprannsóknir	246.352	177.463
Umsýslukostnaður	29.269	25.988
Annar kostnaður	1.668	1.205
<i>Rekstrargjöld alls</i>	277.289	204.656
Hagnaður/tap án fjármagnsliða	15.400	55.227
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	23.794	31.668
<i>Tekjur umfram (gjöld) á árinu</i>	39.194	86.895


Fjöldi greiddra styrkja úr Sjúkrasjóði VFÍ




Efnahagsreikningur

	2018	2017
<i>Eignir</i>		
Veltufjármunir		
Skammtímakröfur	49.630	44.815
Verðbréf	700.755	608.824
Handbært fé	229.431	291.194
	979.816	944.833
<i>Skuldir og eigið fé</i>		
Óráðstafað eigið fé	970.506	930.979
Skammtímaskuldir	9.310	13.854
	979.816	944.833

Sjóðfélagar Sjúkrasjóðs VFÍ



Lykiltölur Sjúkrasjóðs VFÍ



Fjöldi greiddra styrkja Sjúkrasjóðs

Ár	Fjöldi styrkja	% aukning
2009	296	
2010	353	19,3
2011	553	56,7
2012	759	37,3
2013	789	4,0
2014	839	6,3
2015	1276	52,1
2016	1424	11,6
2017	2160	51,7
2018	2634	21,9

Skýrsla Vísinda- og starfsmenntunarsjóðs VFÍ 2018

Stjórn sjóðsins var á síðasta starfsári skipuð eftirtöldum fulltrúum VFÍ, ríkisins og Reykjavíkurborgar:

Geir Guðmundsson, VFÍ
Óli Jón Gunnarsson, VFÍ
Ragnhildur Ísaksdóttir, f.h. Rvk. borgar
Einar Mar Þórðarson, f.h. fjármálaráðherra

Vísinda- og starfsmenntunarsjóður VFÍ byggir á samkomulagi félagsins við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og við Reykjavíkurborg frá 1989. Það eru starfsmenn ríkisins og stofnana og opinberra hlutafélaga, í eigu ríkisins auk sveitarfélaga sem eiga rétt á að greitt sé fyrir þá í sjóðinn.

Almennt er iðgjaldið 1,72% af dagvinnulaunum.

Á árinu 2016 var úthlutunarreglum breytt þannig að svokölluð biðtímaregla var felld niður.

Þá eru styrkir til tölvukaupa ekki lengur tengdir rétti til annarra styrkja.

Iðgjöld 2018 námu 108,4 mkr. Heildarupphæð styrkja var 64,8 mkr.

Rekstrarreikningur

	2018	2017
<i>Rekstrartekjur</i>		
Iðgjöld	108.429	87.189
Iðgjöld starfspróunarsjóðs	3.502	3.651
<i>Rekstrartekjur alls</i>	<u>111.931</u>	<u>90.840</u>
<i>Rekstrargjöld</i>		
Styrkir	64.847	43.288
Umsýslukostnaður	11.193	9.084
Annar kostnaður	1.481	847
<i>Rekstrargjöld alls</i>	<u>77.521</u>	<u>53.219</u>
Hagnaður án fjármagnsliða	34.410	37.621
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	10.127	7.982
<i>Tekjur umfram (gjöld) á árinu</i>	<u>44.537</u>	<u>45.603</u>

Skipting umsókna á milli efnisflokka árið 2018 er eftirfarandi: 214 umsóknir til náms, námskeiða og ráðstefnuferða, 99 umsóknir til kaupa á tölvubúnaði. Samtals 313 umsóknir sem er umtalsverð fjölgun á milli ára.


Alls var greitt fyrir 691 einstaklinga til sjóðsins árið 2018. Þar af voru félagar VFÍ sem greitt var fyrir 602 og aðrir 89.

Efnahagsreikningur


	2018	2017
<i>Eignir</i>		
Veltufjármunir		
Skammtímakröfur	18.222	15.681
Handbært fé	380.705	432.954
	<u>398.927</u>	<u>448.635</u>
<i>Skuldir og eigið fé</i>		
Óráðstafað eigið fé	388.531	334.166
Skammtímaskuldir	10.396	114.469
	<u>398.927</u>	<u>448.635</u>

Sjóðfélagar


Vísinda- og starfsmenntunarsjóðs VFÍ



Fjöldi greiddra styrkja úr Vísinda- og starfsmenntunarsjóði VFÍ



Lykiltölur Vísinda- og starfsmenntunarsjóðs VFÍ



Skýrsla Starfsmenntunarsjóðs VFÍ 2018

Stjórn sjóðsins var á starfsárinu 2018-2019 skipuð eftirtöldum fulltrúum:

Kristinn Steingrímsson, formaður
Heiða Njóra Guðbrandsdóttir
Linda Rós Birgisdóttir


Starfsmenntunarsjóður VFÍ byggir í grunninn á kjarasamningi félagsins við Samtök atvinnulífsins frá árinu 2011. Iðgjald í sjóðinn er 0,22% af launum. Við sameiningu VFÍ og TFÍ voru samdar starfsreglur fyrir sjóðinn og undir lok árs 2017 var byrjað að taka á móti umsóknunum og í byrjun árs 2019 hófust greiðslur á styrkjum úr sjóðnum. Eigið fé sjóðsins var í lok árs 2018 kr. 143,4 mkr.

Sjóðfélagar í lok ársins 2108 voru 1587 þar af 1260 félagi í VFÍ og aðrir 327.

Rekstrarreikningur

	2018	2017
<i>Rekstrartekjur</i>		
Iðgjöld	41.262	44.353
<i>Rekstrartekjur alls</i>	<u>41.262</u>	<u>44.353</u>
<i>Rekstrargjöld</i>		
Styrkir	0	0
Umsýslukostnaður	2.063	4.435
Annar kostnaður	0	0
<i>Rekstrargjöld alls</i>	<u>2.063</u>	<u>4.435</u>
Hagnaður/tap án fjármagnsliða	39.199	39.918
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	3.644	2.570
<i>Tekjur umfram (gjöld) á árinu</i>	<u>42.843</u>	<u>42.488</u>

Lykiltölur Starfsmenntunarsjóðs VFÍ



Efnahagsreikningur

	2018	2017
<i>Eignir</i>		
Veltufjármunir		
Skammtímakröfur	8.427	114.448
Óhafnir vextir	0	58
Handbært fé	136.973	0
	<u>145.400</u>	<u>114.506</u>
<i>Skuldir og eigið fé</i>		
Óráðstafað eigið fé	143.408	110.071
Skammtímaskuldir	1.992	4.435
	<u>145.400</u>	<u>114.506</u>

Skýrsla Orlofssjóðs VFÍ 2018

Stjórn Orlofssjóðs VFÍ árið 2018-2019:

Margrét Edda Ragnarsdóttir
Sveinn V. Árnason
Kristján Sturlaugsson
Helgi Páll Einarsson

Orlofssjóður VFÍ, áður SV, hefur starfað frá 1997 og sumarið 2019 verður tuttugasta og annað sumarið sem úthlutað er til félagsmanna.

Félagar í orlofssjóðnum eru félagsmenn í VFÍ sem greitt er fyrir í sjóðinn og aðrir í félögum sem skrifstofan þjónustar og greitt er fyrir.

Við sameiningu VFÍ og TFÍ mun fjölgaði mikið í sjóðnum og hefur stjórn brugðist við með því að kaupa hús frá Danmörku sem er búið að reisa á lóðinni að Álfasteinssundi 21. Þá voru keyptar tvær lóðir í Húsafelli í upphafi árs 2017. Nú býðst sjóðfélögum einnig að leigja íbúð í Garðabæ sem er ánægjuleg nýjung fyrir félagsmenn á landsbyggðinni.

Í febrúar 2016 keypti sjóðurinn húsið í Árnesi sem hafði verið leigt út á sumrin í mörg ár.

Auk nýja hússins við Álfasteinssund á OVFI tvö góð hús í Hraunborgum í Grímsnesi sem voru endurnýjuð árið 2015, íbúð við Sómatún á Akureyri, áður nefnt hús í Árnesi og leigir sjóðurinn einnig þrjú nýleg hús skammt frá Borgarnesi sem hafa verið mjög eftirsótt og íbúð við Nónhæð í Garðabæ. Sumarið 2018 voru einnig í boði tvö hús við Hreðavatn, íbúð á Ísafirði, tvær íbúðir á Akureyri, sumarhús að Hrísum í Eyjafirði, sumarhús í Vopnafirði og sumarhús að Staffelli á Héraði. Auk þess bauð sjóðurinn leigu á tjaldvagni og niðurgreiðslu á hótulgistingu með sölu á hótelmiðum.

Umsóknir um sumarúthlutun 2018 voru 317 og tókst að úthluta 210 gistingum í húsum og tjaldvagni. Umsóknum milli ára fækkaði nokkuð og er það í fyrsta skipti í sögu sjóðsins. Auk þess var sjóðfélögum úthlutað miðum fyrir hótulgistingu.

Rekstrarreikningur


	2018	2017
<i>Rekstrartekjur</i>		
lögjöld	77.147	67.955
lögjöld yfirfærð til BHM		
Leigutekjur	14.763	9.914
<i>Rekstrartekjur alls</i>	<u>91.910</u>	<u>77.869</u>
<i>Rekstrargjöld</i>		
Leigukostnaður	25.059	21.541
Rekstur orlofshúsa	12.049	7.608
Umsýslukostnaður	11.030	9.344
Annar kostnaður	4.543	2.816
Fyrning sumarhúsa ofl.	7.437	4.847
<i>Rekstrargjöld alls</i>	<u>60.118</u>	<u>46.156</u>
Hagnaður/tap/ án fjármagnsliða	31.792	31.713
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	-540	-401
<i>Tekjur umfram (gjöld) á árinu</i>	<u>31.252</u>	<u>31.312</u>

Efnahagsreikningur


	2018	2017
<i>Eignir</i>		
<i>Fastafjármunir</i>		
Sumarhús	161.095	137.469
<i>Veltufjármunir</i>		
Skammtímakröfur	10.952	12.429
Handbært fé	546	292
	<u>172.593</u>	<u>150.190</u>
<i>Skuldir og eigið fé</i>		
Óráðstafað eigið fé	166.114	134.887
Skammtímaskuldir	6.479	15.303
	<u>172.593</u>	<u>150.190</u>

Alls var greitt fyrir 2893 einstaklinga til sjóðsins á árinu 2018. Félagar VFÍ sem greitt var fyrir eru 2356 en aðrir sjóðfélagar eru 537. Heildariðgjaldagreiðslur á árinu voru 77,1 mkr.

Sjóðfélagar Orlofssjóðs VFÍ



Lykiltölur Orlofssjóðs VFÍ



Skýrslur deilda, nefnda og faghópa

Byggingarverkfræðingadeild

Ýmis mál og erindi berast á borð Byggingarverkfræðingadeildar VFÍ (BVFI) á hverju starfsári. Oft er verið að leita umsagna og álits á málefnum sem tengjast faginu. Ýmist er það stjórnin sem tekur að sér vinnu er snýr að þessum erindum eða aðrir félagsmenn og fer það allt eftir eðli og umfangi hverju sinni.

Engir viðburðir voru á vegum deildarinnar á starfsárinu.

Vélaverkfræðingadeild

Rólegt hefur verið yfir starsemi Vélaverkfræðingadeildar VFÍ (VVFÍ) síðusut ár og voru engir viðburðir á vegum deildarinnar á síðastliðnu starfsári.

Deild stjórnenda og sjálfstætt starfandi

Tilgangur deildarinnar er að vera vettvangur stjórnenda og sjálfstætt starfandi félagsmanna innan VFÍ og annarra sem kjósa að standa utan Kjaradeildar og sinna málefnum þeirra eins og segir í lögum félagsins. Félagsmenn VFÍ geta valið hvorri deildinni þeir tilheyra, enda er VFÍ ekki kjarafélag heldur deildaskipt hagsmunafélag. Í stjórn Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi eru: Sveinn I. Ólafsson formaður, Davíð Á. Gunnarsson, Svana Helen Björnsdóttir, Páll Á. Jónsson og Gylfi Árnason, varamaðstjórnandi.

Í nóvember 2018 stóð deildin fyrir morgunfundi á Hilton Reykavík Nordica um kostnaðaráætlanir, áreiðanleika þeirra, ákvörðunarferli og ábyrgð á framúrkeyrslu. Fundurinn var mjög vel sóttur.

Staða fagdeilda

Eitt af verkefnum næsta starfsárs á fag- og félags sviði VFÍ verður að endurskipuleggja og efla starf fagdeilda félagsins. Nú eru starfandi innan VFÍ: Byggingarverkfræðingadeild, Efna- verkfræðideild, Rafmagnsverkfræðingadeild og Vélaverkfræðingadeild. Má segja að skipulag deildanna endurspeglar ekki hve fjölbreyttur starfsvettvangur verkfræðinga og tæknifræðinga er í dag. Einnig er rétt að líta til breyttra námleiða og nýrra námgreina í háskólunum.

Öldungadeild VFÍ

Um leið og ungu fólki fjölgar í Verkfræðingafélagi Íslands fjölgar að sama skapi þeim félagsmönnum sem komnir eru á efri ár og farnir eru að draga saman seglin eða hættir störfum. Svo er fyrir að þakka að þorri þessara félaga býr við góða heilsu, nýtur tilverunnar og er félagslega virkur. Þeir hafa sumir haft orð á því að þeir hitti sjaldan sína gömlu félaga á vettvangi félagsins, enda hafi árshátíð VFÍ verið lögð niður og deildarfundir með „venjulegu“ borðhaldi tíðkist ekki lengur. Þannig hafi skapast vissst félagslegt tómarúm innan félagsins.

Á síðasta ári kom upp sú hugmynd að stofna sérstakan hóp innan VFÍ til að styrkja tengsl eldri félagsmanna og nýta krafta þeirra og reynslu. Stjórn félagsins efndi til tveggja funda á árinu þar sem eldri félagsmenn voru boðaðir sérstaklega. Báðir voru fundir þessir mjög vel sóttir. Á hinum síðari fundinum sem haldinn var 29. nóvember var skipuð fimm manna nefnd til að kanna hvernig bregðast mætti við áhugamálum eldri félagsmanna, viðhalda kynnum þeirra og eftir atvikum að nýta krafta þeirra í þágu félagsins. Nefndina skipuðu:

Bergþór Þormóðsson
Jón Erlendsson
Magnús Bjarnason
Páll Sigurjónsson
Pétur Stefánsson

Sigrúnu S. Hafstein var falið að starfa með nefndinni og vera tengiliður hennar við stjórn félagsins.

Nefndir hóf þegar að kanna hvernig félagsmálum eldri félagsmanna er sinnt hjá ýmsum sambærilegum félagsamtökum.

Í Danmörku er starfrækt svenefnt Seniorforum í tengslum við IDA. Seniorforum er mjög virkt í málefnum eldri félagsmanna. Innan Læknafélags Íslands og Lögfræðingafélags Íslands starfa sömuleiðis sérstakar öldungadeildir við góðan orðstír. Nefndin aflaði laga beggja þessara deilda en þau eru mjög áþekkt, sjálfstæðar deildir/félög, sem starfa innan móðurfélagsanna.

Nefndin taldi að athuguðu máli rétt að láta á reyna hvort vilji væri til þess meðal eldri félagsmanna VFÍ að stofna hliðstæða deild innan VFÍ sem starfaði í tengslum og undir verndarvæng móðurfélagsins. Í þessu skini samdi nefndin tillöga að samþykktum fyrir Öldungadeild innan VFÍ, skammstafað ÖVFÍ, og boðaði til stofnfundar 27. mars 2019 að Engjateigi 9. Á fundinum mættu um 80 félagar og fylltu salinn.

Varaformaður VFÍ Kristjana Kjartansdóttir ávarpaði fundinn í upphafi, en fundarstjóri var síðan Pétur Stefánsson. Fyrir fundinum lágu tvær tillögur, í fyrsta lagi svohljóðandi tillaga um stofnun deildarinnar:

Fundur eldri félaga í Verkfræðingafélagi Íslands haldinn 27. mars 2019 að Engjateigi 9 samþykkir að stofna sérstaka deild innan félagsins, Öldungadeild VFÍ, fyrir félagsmenn 65 ára og eldri. Deildinni er einkum ætlað að sinna sérstökum áhugamálum eldri félagsmanna, viðhalda kynnum þeirra og styðja VFÍ.

Tillagan var samþykkt með lófaklappi.

Í öðru lagi tillaga að samþykktum fyrir deildina. Nokkrar umræður urðu um tillöguna og ýmsar minni háttar ábendingar komu fram sem vísað var til næstu stjórnar til skoðunar. Samþykktirnar voru síðan samþykktar samhljóða. Síðan var gengið til stjórnarkjörs samkvæmt hinum nýju samþykktum. Stjórnina skipa til tveggja ára :

Pétur Stefánsson formaður
Bergþór Þormóðsson
Magnús Bjarnason
Páll Sigurjónsson
Steinar Friðgeirsson

Tengiliður sem áður er Sigrún S. Hafstein.

Að loknum fundarstörfum flutti Páll Einarsson prófessor stófróðlegt erindi um ástand eldstöðva undir Vatnajökli, Bárðarbungu, Grímsvatna og Örafajökuls.

Fyrsti fundur hinnar nýju stjórnar var haldinn 5. apríl 2019.

Stjórn ÖVFÍ.

Norðurlandsdeild VFÍ

Aðalfundur

Aðalfundur NVFÍ var haldinn laugardaginn 16. mars 2018. Á dagskrá aðalfundar voru hefðbundin aðalfundarstörf. Kristinn gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og var Stefán Steindórsson hjá Norðurorku kjörinn í hans stað. Kosið var um tvö stjórnarsæti og eitt varamannssæti að þessu sinni en aðeins er kosið um formannssætið annað hvert ár. Björgvin gaf áfram kost á sér til stjórnarsetu og var því endurkjörinn. Nýr varamaður kom inn í stjórnina, Víðir Bjarkason verkfræðingur hjá Raftákni. Einnig voru þeir Pétur Torfason og Eiríkur Jónsson endurkjörnir skoðunarmenn ársreikninga.

Farið var yfir ársreikning NVFÍ og var hann samþykktur af viðstöddum félagsmönnum.

Páll Gíslason formaður VFÍ kom norður og var með erindi um starfsemi félagsins auk þess að svara spurningum viðstaddra. Nokkur umræða var um þjónustu sem félagið veitir á höfuðborgarsvæðinu, s.s. heilsufarsmælingar og hvort ekki væri hægt veita sambærilega þjónustu á Norðurlandi.

Síldarkvöld

Árlegt Síldarkvöld NVFÍ var haldið á Greifanum að loknum aðalfundarstörfum.

Veislustjóri kvöldsins var Oddur Helgi Halldórsson og ræðumaður kvöldsins var Þórður Víkingur Friðgeirsson hjá Háskóla Reykjavíkur, en hann hélt erindi um núvitund. Fundurinn var vel heppnaður og vel sóttur. Að erindi loknu var snæddur kvöldverður.

Stjórnarfundir

Stjórn hefur fundað nokkrum sinnum á starfsárinu og skipulagt viðburði fyrir félagsmenn.

Vorferð

Þann 18. maí var farin vorferð en að þessu sinni bauð Fallorka félagsmönnum í skoðunarferð í nýju Glerárvirkjunina. Andri hjá Fallorku tók á móti hópnum og sýndi okkur stöðvarhúsið. Því næst var farið með rútu inn að stíflunni á Glerárdal og hún skoðuð. Þegar þessu lauk bauð Fallorka uppá léttar veitingar á hóteli KEA auk þess sem haldnar voru kynningar á Fallorku og virkjuninni.

Haustferð

Haustferð Norðurlandsdeildarinnar var boðuð í byrjun október en því miður þurfti að fella ferðina niður vegna ónógrar

þátttöku. Ætlunin var að hlýða á Þorstein Gunnarsson, sveitarstjóra Skútustaðahrepps, fjalla um fráveitumál við Mývatn og kíkja svo á sjóboðin eftir hádegisverð í Mývatnssveit. Við dustum rykið af þessari hugmynd eitthvert haustið.

Aðrir viðburðir

Í nóvember hélt Sigvaldi Jónsson, verkefnastjóri hjá Eimskip, fyrirlestur um úthýsingu tölvureksturs og verkefnastýringu hjá Eimskip. Eimskip úthýsir nánast öllu sínu UT umhverfi, hugbúnaðarkerfum og tölvurekstri. Sigvaldi fór yfir hvernig haldið er utan um verkefnastýringu. Samlokufundurinn var ágætlega sóttur og mæltist vel fyrir.

Lokaorð

Samvinna innan stjórnar hefur verið til fyrirmyndar. Stefnan er ávallt að vera með nokkra viðburði á hverju ári en ljóst að samlokufyrirlestrar mættu vera fleiri. Þeir eru vel sóttir af félagsmönnum og eru kjörinn vettvangur til að auka tengsl verkfræðinga og tæknifræðinga á svæðinu.

Stjórn NVFÍ vill þakka félagsmönnum ágætt samstarf á starfsárinu og væntir enn frekari og virkari þátttöku á því starfsári sem framundan er. Hafi félagsmenn tillögu að samlokufyrirlestrum hvetur stjórn þá til að koma henni á framfæri við einhvern stjórnarmann.

F.h. stjórnar NVFÍ,

Eva Hlín Dereksdóttir, formaður.

Austurlandsdeild VFÍ

Aðalfundur

Aðalfundur Austurlandsdeildar VFÍ var haldin í Þórðarbúð á Reyðarfirði þann 21. mars 2018. Hófst fundurinn á skemmtilegum og áhugaverðum fyrirlestri frá Dr. Þórði Víkingi Friðgeirssyni véla- og rekstrarverkfræðingi. Í fyrirlestrinum fór Þórður yfir leiðtogafræði og núvitund í anda Google. Mjög áhugaverður fyrirlestur í lokin urðu og líflegar umræður.

Eftir fyrirlesturinn var stutt hlé og boðið var upp á léttar veitingar, að hléi loknu tóku við hefðbundin aðalfundarstörf þar sem var farið yfir starf félagsins síðasta starfsár. Stjórn AVFÍ starfsárið 2017-2018 skipuðu: Valdimar Baldursson formaður, Birna Ingadóttir gjaldkeri, Sigurður Freysson ritari, Bjarki Franzson

og Kári Óttarsson meðstjórnendur og Björgvin Friðriksson varamaður.

Samkvæmt lögum félagsins á að kjósa tvo nýja stjórnarmeðlimi og varamann ár hvert. Gáfu Bjarki og Sigurður ekki kost á sér til áframhaldi stjórnarsetu en Björgvin gaf kost á sér áfram sem varamaður. Gáfu tveir aðilar úr sal kost á sér til stjórnarsetu og var framboð þeirra samþykkt einróma af fundarmönnum og Björgvin fékk einnig einróma kosningu sem varamaður. Ný stjórn lítur þá þannig út: Valdimar Baldursson formaður, Birna Ingadóttir, Kári Óttarsson, nýir í stjórn komu Aðalsteinn Þórhallsson, Þorsteinn Sigurjónsson og Björgvin Friðriksson sem varamaður.

Páll formaður VFÍ sagði stutt frá stefnumótun og nýjum lögum félagsins. Árni B. Björnsson framkvæmdastjóri fór síðan yfir þjónustu félagsins og svaraði spurningum félagsmanna.

Stjórnarfundir

Stjórnin hefur fundað nokkrum sinnum á starfsárinu, þar sem skipulagðir voru viðburðir og önnur starfsemi deildarinnar á liðnu starfsári. Eins og áður voru skoðaðir ýmsir möguleikar á áhugaverðum námskeiðum fyrir félagsmenn á Austurlandi. Var þetta gert í samvinnu við skrifstofuna í Reykjavík, Endurmenntun HÍ og Austurbrú. Eftir stutta viðveru í stjórninni hætti Þorsteinn Sigurjónsson vegna flutnings úr fjórðungnum og inn í stjórnina kom Björgvin Friðriksson.

Námskeið

Þann 10. apríl 2018 var námskeiðið Microsoft Power BI haldið í Austurbrú á Reyðarfirði. Kennari var Ásgeir Gunnarsson, viðskipta- og tölvunarfræðingur, ráðgjafi hjá Northinsights. Þátttaka á námskeiðinu var góð og voru menn almennt mjög ánægðir með hvernig til tókst.

Kynning á kjaramálum VFÍ

Fimmtudaginn 31. maí 2018 fengum við heimskókn frá Sigrúnu S. Hafstein sviðsstjóra fag- og félagssviðs og Elsu Maríu Rögnvaldsdóttur sviðsstjóra kjaramála VFÍ sem fór yfir starfsemi kjarasviðs, kjarakönnun, stöðu kjarasamninga og svaraði spurningum félagsmanna. Fundurinn var haldin í Þórðarbúð á Reyðarfirði og var nokkuð góð mæting félagsmanna.



Haustferð

Haustferð félagsins var farin föstudaginn 5. október 2018. Að þessu sinni lá leiðin suður til Breiðdalsvíkur. Lagt var að stað frá Egilsstöðum kl. 16 og keyrt suður til Breiðdalsvíkur með viðkomu á Reyðarfirði þar sem félagsmenn voru teknir upp í. Á Breiðdalsvík var byrjað á að heimsækja Beljanda Brugghús sem tók vel á móti okkur og bauð upp á bjórsmakk. Héldu starfsmenn góða kynningu á starfseminni. Enduðum við síðan daginn á að snæða kvöldverð á Hótel Bláfelli og áttum við notanlega kvöldstund með spjalli fram eftir kvöldi. Að venju hafði stjórn AVFÍ veg og vanda af skipulagningu þessarar ferðar og vilja stjórnarmenn þakka þeim félagsmönnum sem sáu sér fært að taka þátt í þessari góðu ferð.

Tæknidagur fjölskyldunnar

Tæknidagur fjölskyldunnar er orðinn einn af þeim föstu viðburðum sem AVFÍ tekur þátt í en dagurinn var haldinn þann 6. október 2018 í Verkmenntaskóla Austurlands í Neskaupstað. Þetta var í sjötta sinn sem þessi viðburður er haldinn af Austurbrú og Verkmenntaskóla Austurlands með stuðningi fyrirtækja á Austurlandi. Að venju komu Sigrún S. Hafstein og Árni B. Björnsson frá skrifstofunni í Reykjavík og voru okkur til halds og trausts. Kynntu þau nám og starfsmöguleika verkfræðinga og tæknifræðinga fyrir gestum Tæknidagsins. Eins og áður vorum við mjög ánægð við viðtökurnar.

Lokaorð

Þetta starfsár Austurlandsdeildar VFÍ hefur gegnið ljómandi vel og samvinna innan stjórnar verið góð. Vill stjórnin þakka félögum okkar héra fyrir austan fyrir þátttöku í þeim viðburðum sem deildin stóð fyrir á liðnu starfsári. Einnig viljum við þakka Árna Birni og starfsfólki hans fyrir sunnan á skrifstofunni fyrir einstaklega gott samstarf og stuðning á starfsárinu. Stefnt er áfram að öflugum félagsstarfi og festa þessa viðburði enn frekar í sessi. Vill stjórnin hvetja félagsmenn til að hafa samband við stjórnarmeðlimi ef þeir hafa tillögu að námskeiðum eða fyrirlestrum sem þeir telja áhugaverða. En að lokum minni ég enn og aftur á að öflugt félagsstarf er ekki gerlegt nema með áframhaldandi virkri þátttöku félagsmanna í viðburðum deildarinnar.

*F.h. stjórnar AVFÍ,
Valdimar Baldursson, formaður.*



Orðanefnd RVFÍ

Á árinu 2018 var fjallað um sex kafla í Alþjóðlega raftækniórðasafninu, IEV. Yfirferð þessara kafla lauk í nóvember.

Raftækniórðasafn nefndarinnar á vefsíðu Snöru hefur frá ársbyrjun 2013 verið uppfært samkvæmt áframhaldandi störfum nefndarinnar og hefur samstarfið við Snöru gengið vel.

Raftækniórð er einnig að finna í Orða-banka Íslenskrar málstöðvar en hafa ekki verið uppfærð þar síðan í árslok 2015.

Heildarumfang raftækniórðasafnsins nemur nú um 21.500 iðorðum. Ýmsir aðilar og ekki síst Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis leituðu sem oftast til Orðanefndar rafmagnsverkfræðinga á árinu með fyrirsurnir.

Um áramótin 2018/2019 hafði ORVFÍ komið saman á 1427 fundum frá árinu 1971 þegar fyrst var farið að færa fundargerðir reglulega. Það hefur mjög auðveldað störf nefndarinnar að hún hefur ávallt notið velvilja og rausnar Orkustofnunar varðandi fundaraðstöðu og veitingar á fundum.

Fundir nefndarinnar urðu 12 á árinu 2018 og voru að jafnaði fimm á fundi hverju sinni. Fram til þessa hafa fundir nefndarinnar almennt verið um 30 á ári en hafa nú orðið allmiklu færri. Ástæður þess eru að lokið hefur verið við íslenskun allra kafla Alþjóðlega raftækniórðasafnsins, IEV. Útgáfa nýrra kafla þess og endurskoðun eldri kafla hefur dregist mjög frá áður gerðri áætlun.

Eftirtaldir félagar eru nú í Orðanefnd rafmagnsverkfræðinga:

Ívar Þorsteinsson
Jón Þóroddur Jónsson
Kristján Bjartmarsson
Ólafur Pálsson
Sigurður Briem, formaður nefndarinnar
Torfi Þórhallsson

Jóhannes Bjarni Sigtryggsson, Ph. D. í íslenskrí málfræði, hefur starfað með nefndinni undanfarin ár sem sérfræðingur og ráðgjafi um íslenskt mál.

Sigurður Briem, formaður ORVFÍ.

Íslenska hljóðvistarfélagið – ÍSHLJÓÐ

Íslenska hljóðvistarfélagið var stofnað árið 2006 og tilgangur félagsins er að tengja saman fólk sem vinnur við hljóðhönnun og hljóðvist á Íslandi og að auka og breiða út þekkingu á því fagsviði. Félagið starfar innan VFÍ sem faghópur um hljóðhönnun.

Íslenska hljóðvistarfélagið er aðildarfélag NAA (Nordic Acoustics Association), EAA (European Acoustics Association) og ICA (international commission for acoustics) og fulltrúi ÍSHLJÓÐS tekur þátt á árlegum fundum NAA og EAA þegar hægt er. Kristín Ómarsdóttir hefur átt sæti í stjórn NAA síðustu ár. Árið 2019 hefur Ólafur Hjálmarsson tekið við formannssæti NAA og er fyrsti íslendingurinn til þess að hljóta þann heiður, en NAA samtökin voru stofnuð árið 1954.

Félagsmenn eru nú 31 talsins og sérhver einstaklingur sem hefur áhuga á hljóðhönnun og hljóðvist getur orðið meðlimur í félaginu. Einnig geta félög, fyrirtæki og stofnanir sem áhuga hafa á að efla starfsemi félagsins orðið styrktarmeðlimir.

Aðalfundur félagsins var haldinn 20. september 2018 þar sem Ingvar Jónsson gaf áfram kost á sér í stjórn Íshljóðs og var kosinn til áframhaldandi setu í stjórn til þriggja ára. Síðastliðið ár hefur Kristín Ómarsdóttir gegnt formennsku, Jakob Tryggvason verið gjaldkeri, Ólafur Danielsson ritari og Ingvar Jónsson meðstjórnandi. Á aðalfundinum var fjallað um að setja á fót hljóðvistarverðlaun veitingastaða og kaffihúsa meðal annars með það að markmiði að hvetja til jákvæðrar umræðu um hljóðvist.

Haldin var samnorræn hljóðráðstefna, BNAM 2018, í Hörpu dagana 15. - 18. apríl 2018. Ráðstefnan var stærsta verkefni Íslenska hljóðvistarfélagsins á síðastliðnu ári, en margir félagsmenn tóku þátt í vinnu skipulagsnefndar fyrir ráðstefnuna. Ráðstefnan var einnig unnin í samstarfi við stjórn NAA og aðila fagnefndar sem skipuð var fólki frá hljóðvistarfélögum frá Íslandi, Danmörku, Finnlandi, Svíþjóð og Noregi. Mikil ánægja var með ráðstefnuna og aðstöðuna í Hörpu, meira að segja svo mikil ánægja að félagið var hvatt til að halda ráðstefnuna aftur í Hörpu árið 2028. Ráðstefnugestir voru 149 talsins frá 14 mismunandi löndum og haldin voru 55 erindi ásamt erindum frá fjórum lykilyrirlusurum. Faglotur voru 8 talsins og umfjöllunarefnið voru umhverfishávaði, hljóðeðlisfræði tónlistar, hljóðvist sjúkrahúsa, hljóðeðlisfræði lagna, reiknileg hljóðeðlisfræði, hljóðvist



rýma, hljóðeinangrun og reglugerðamál. Sýningarbásar voru frá 18 aðilum, t.d. framleiðendum hljóðmælitækja og hljóðísogsklæðninga.

BNAM (Baltic Nordic Acoustics meeting) eru samnorrænar hljóðráðstefnur sem haldnar eru annað hvert ár og næst verður ráðstefnan haldin í Osló árið 2020.

Þann 7. nóvember 2018 var haldin ráðstefna Trivium hljóðráðgjafa og Verkfræðingafélags Íslands um stöðu hljóðmála á Íslandi þar sem haldinn var fjöldi áhugaverðra erinda, m.a. um skipulagsmál tengdum hávaða, kortlagningu hávaða, hljóðhönnun bygginga og hljóðviðmið ÍST 45:2016.

Kristín Ómarsdóttir, formaður Íslenska hljóðvistarfélagsins

Ársskýrsla Kvennanefndar VFÍ

Ársskýrsla Kvennanefndar

Kvennanefnd VFÍ hefur nú starfað innan Verkfræðingafélags Íslands í nítján ár. Á starfsárinu 2018-2019 stóðu nefndarkonur fyrir nokkrum viðburðum, sem ætlað var að styðja við markmið nefndarinnar. Miðuðu viðburðirnir að því að styrkja tengslanet kvenna, að skapa og sýna kvenfyrirmyndir og stuðla að því að konur taki jafnan þátt í tæknipróun á við og karla.

Fyrsti viðburður starfsársins var morgunverðarfundur þar sem María Ámundadóttir, stofnandi OCULIGHT, flutti erindi um notendamiðaða greiningu á heilnæmi birtuumhverfis. Rakti María sögu fyrirtækisins, hvernig nýta megi betur birtu og fjallaði um áhrif

birtu á heilsu og vellíðan fólks í byggingum. Húsfullir var og vel látið af erindi Maríu.

Kvennanefndin stóð síðan fyrir öðrum morgunverðarfundum á vormánuðum þar sem þær Ásdís Kristinsdóttir og Margrét E. Ragnarsdóttir, verkfræðingar, kynntu ráðgjafarfyrirtæki sitt Gemba og fjölluðu um grunnhugmyndafræði Lean fyrir þéttsetnum sal.

Hápunktur vetrarins var án efa hið árlega Rósaboð. Rósaboðið hefur nú fest sig rækilega í sessi en á ári hverju bjóðum við öllum konum, sem lokið hafa grunn- eða framhaldsprófi í verkfræði árið áður, í veislu þeim til heiðurs. Við færum þeim nýútskrifuðu rós, bjóðum þær velkomnar í hópinn og klöppum þeim lof í lófa. Í þetta sinn flutti Snædís Ögn Flosadóttir, verkfræðingur og framkvæmdastjóri tveggja lífeyrissjóða, hvatningu til þeirra nýútskrifuðu og miðlaði af reynslu sinni. Gaf það hinum nýútskrifuðu tækifæri til að sjá hverju hægt er að áorka með öflugum menntun og metnað í farteskinu. Rósaboðið er einmitt innblásið af mikilvægi þess að skapa fleiri fyrirmyndir kvenna í tæknigeiranum því öflugar kvenfyrirmyndir eru lykilþáttur í að auka ásókn kvenna í tækninámi. Rósaboðið gefur einnig nýútskrifuðum konum kost á að kynna reynslumeiri konum í faginu og styrkja þannig tengslanet sitt.

Í Kvennanefnd sitja fimm konur, þær Emilía Valdimarsdóttir, Gyða Mjöll Ingólfssdóttir, Heiða Njóla Guðbrandsdóttir, Jóhanna Björk Pálsdóttir og Kolbrún Reinholdsadóttir. Breytingar urðu á stjórn þetta starfsár. Úr stjórn gengu þær Fida Abu Libdeh og Sveinbjörg Sveinsdóttir og þökkum við þeim kærlega fyrir samstarfið.

Sveinbjörg gekk til liðs við nefndina árið 2007 og starfaði með henni óslitið frá þeim tíma. Átti hún lykilkpátt í því árið 2013 að Kvennanefndin og Verkfræðingafélag Íslands heiðruðu sérstaklega fyrstu fjórar konurnar sem luku verkfræðiprófi. Hún var sömuleiðis mikil drifkraftur í að efla samstarf Fagfélaga kvenna sem er samstarfsvettvangur Félags kvenna í lögmennsku, Félags kvenna í endurskoðun, Félags kvenna í prestastétt, Félags kvenlækna, Félags háskólakvenna auk Kvennanefndar Verkfræðingafélags Íslands. Þökkum við Sveinbjörgu kærlega fyrir ótult starf hennar.

Kvennanefndin vill hrósa Verkfræðingafélagi Íslands sérstaklega fyrir metnað og framtaksemi í jafnréttismálum. Vakti það til að mynda athygli þegar Konur í Orkumálum (KÍO) veitti Verkfræðingafélaginu jafnréttisstimpil fyrir Dag verkfræðinnar 2019 en til þess að hljóta stimpilinn þarf viðburðurinn að uppfylla ákveðin skilyrði um jafnt kynjahlutfall fyrirlesara og fundarstjóra. Þetta er gott veganesti inn í næsta starfsár þegar Kvennanefndin fagnar tuttugasta starfsári sínu innan Verkfræðingafélagsins.

Til að fræðast nánar um störf Kvennanefndar, fá upplýsingar um næstu viðburði eða til að hafa samband við stjórnarkonur bendum við á facebooksíðu nefndarinnar: www.facebook.com/kvennanefndvfi.

Heiða Njóla Guðbrandsdóttir, formaður Kvennanefndar VFÍ

Viðburðir 2018 – 2019

Yfirlit yfir viðburði á vegum VFÍ starfsárið 2018-2019. Margir fundir eru sendir út beint og teknir upp. Upptökur eru birtar á vef VFÍ.

10. apríl 2018

Námskeið á Austurlandi. Microsoft Power BI.

27. apríl 2018

Kynningarfundur um IPMA vottun. Á vegum Norðurlandsdeildar VFÍ og VSF.

30. apríl 2018

Minna skrifræði – meiri ábyrgð. Morgunfundur um skipulagsferli framkvæmda.

15. maí 2018

Nýr Landspítali – Nýr Skerjafjörður. Kynningarfundur á vegum VFÍ og BSTR.

16. maí 2018

Námskeið launaviðtölum. Leiðbeinandi: Gylfi Dalmann Aðalsteinsson.

17. maí 2018

Efnalöggjöfin – Tækifæri í ráðgjöf. Samlokufundur. Teymi efnamála hjá Umhverfisstofnun.

18. maí 2018

Vorferð Norðurlandsdeildar. Skoðunarferð í Glerárvirkjun.

31. maí 2018

Kynning á kjaramálum. Fundur Austurlandsdeildar VFÍ.

12. júlí 2018

Söguslóðir á Suðurlandi. Giancarlo Gianazza kynnti kenningar sínar. Kvöldverður í Kerlingarfjöllum.

19. ágúst 2018

Fjölskyldudagur verkfræðinnar. Haldinn í Fjölskyldugarðinum Laugardal. Vísindasmiðjan og Stjórnun-Sævar mættu á svæðið.

6. september 2018

Verktækni golfmótið 2018. Haldið á Garðavelli Akranesi.

20. september 2018

Samlokufundur. Jafnlaunavottun. Gyða Björg Sigurðardóttir, Ráður ehf.

22. – 30. september 2018

Rýni 2018. Singapúr og Balí

24. september 2018

„Hackaton“ ANE um siðferði og gervigreind.

5. október 2018

Haustferð Austurlandsdeildar.

6. október 2018

Kynning á Tæknidegi fjölskyldunnar á Austurlandi.

11. október 2018

Kynning fyrir verkfræðinema í HÍ.

31. október 2018

Samlokufundur. Streita og kulnun. Fyrirlesari: Reynar Kári Bjarnason sálfræðingur.

6. nóvember 2018

Samlokufundur Norðurlandsdeildar. Fyrirlesari: Sigvaldi Jónsson, verkefnastjóri hjá Eimskip. Úthýsing tölvureksturs og verkefnastýring.

7. nóvember 2018

Staða hljóðmála á Íslandi. Ráðstefna VFÍ og Trivium ráðgjafar.

8. nóvember 2018

Námskeið í launaviðtölum. Leiðbeinandi: Gylfi Dalmann Aðalsteinsson.

15. nóvember 2018

Hvernig standast kostnaðaráætlanir. Morgunfundur á vegum Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi.

15. nóvember 2018

Haustfundur Rafstaðlaráðs í samvinnu við VFÍ.

21. nóvember 2018

Notendamiðuð greining á heilnæmi birtuumhverfis. Morgunfundur Kvinnanefndar. Fyrirlesari: María Ámundadóttir stofnandi OCULIGHT.

29. nóvember 2018

Samlokufundur. Siðferði og gervigreind. Fyrirlesari: Steinn Guðmundsson, dósent við HÍ.

29. nóvember 2018

Fundur eldri féлага í VFÍ. Pétur Stefánsson kynnti bók sína Haugseldur.

4. desember 2018

Samráðsfundur VFÍ.

5. desember 2018

Haustfundur Byggingarstaðlaráðs í samvinnu við VFÍ. Þrjú fræðsluerindi á Samlokufundi.

6. desember 2018

**Kynning í HR fyrir nemendur í tækni-
fræði og verkfræði.**

22. janúar 2019

**Vinnufundur nefnda og deilda um sjálf-
bærnimarkmið SP.**

23. janúar 2019

**Morgunfundur um sjálfbærnimarkmið
SP og samfélagsábyrgð tæknistétta.**

24. janúar 2019

Þátttaka í Framadögum

7. febrúar 2019

Rósaboð Kvennanefndar VFÍ.

Konur í VFÍ komu saman til að fagna þeim
konum sem luku prófi í tækifræði og verk-
fræði á árinu 2018.

9. febrúar 2019

Þátttaka í UT-messunni

12. febrúar 2019

Gert rekstrar- og viðskiptaáætlana.

Samlokufundur. Fyrirlesari: Páll Kr. Pálsson.

13. mars 2019

**Morgunverðarfundur Kvennanefndar
um Lean aðferðafræðina.**

Fyrirlesarar: Ásdís Kristinsdóttir og Margrét
E. Ragnarsdóttir hjá Gemba.

17. mars 2019

**Námskeið í tækjaforritun fyrir börn fé-
lagsmanna VFÍ.**

Samstarfsverkefni VFÍ og Vísindasmiðjunnar.

22. mars 2019

Dagur verkfræðinnar.

Haldinn í fimmta sinn á Reykjavík Hilton
Nordica.

27. mars 2019

Stofnfundur Öldungadeildar VFÍ.

3. – 5. apríl 2019

Snow 2019.

Alþjóðleg ráðstefna á Siglufirði um varnir
gegn snjóflóðum og skriðuföllum.

4. apríl 2019

Aðalfundur Austurlandsdeildar.

5. apríl 2019

Aðalfundur Norðurlandsdeildar.

11. apríl 2019

Aðalfundur VFÍ.



Verkfræðingafélag Íslands